

Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega á árinu 2018

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar **sem eiga lögheimili í Borgarbyggð** eiga rétt á afslætti af fasteignaskatti skv. reglum og ákvörðun sveitarstjórnar hvert ár, sbr. heimild í 5. gr. laga 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Hjá hjónum og sambýlisfólki ræður aldur þess er fyrir verður 67 ára.

Afsláttur nær einungis til íbúðarhúsnæðis sem viðkomandi býr sjálfur í.

Afsláttur ræðst af tekjum undanfarandi árs. Afslátturinn er reiknaður til bráðabirgða við álagningu út frá öllum skattskyldum tekjum einstaklings eða hjóna/sambúðarfólks, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjum samkvæmt síðasta skattframtali, en þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðasta árs er afsláttur endurskoðaður og leiðréttur.

Tekjumörk eru ákveðin af byggðarráði Borgarbyggðar í desember á hverju ári og eru nú:

Fyrir einstaklinga, (tekjur á árinu 2017):

með tekjur allt að kr. 3.458.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 3.458.001 til 4.004.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 4.004.001 til 4.544.000 er veittur 50% afsláttur

Fyrir hjón (tekjur á árinu 2017):

með tekjur allt að kr. 5.719.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 5.719.001 til 6.395.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 6.395.001 til 7.072.000 er veittur 50% afsláttur